



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

HEILSUGÆSLUSTÖÐIN GLÆSIBÆ, REYKJAVÍK

LEIGUHÚSNÆÐI

SKILAGREIN



JANÚAR 2007

EFNISYFIRLIT

1	UPPHAF VERKEFNIS.....	3
2	HÚSLÝSING/ HÚSRÝMISÁÆTLUN	3
3	TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI	3
4	LEIGUSAMNINGUR	3
5	SAMSKIPTI Á HÖNNUNAR- OG BYGGINGARTÍMA.....	3
6	HÖNNUÐIR.....	4
7	BYGGINGARFRAMKVÆMDIR	4
8	BÚNAÐARKAUP.....	4
9	VERKLOK.....	4

1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið barst Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR), frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, í desember 2004. Óskað var eftir að FSR hefði tilsjón með leigusamningi sem Heilsugæsla Reykjavíkur hafi gert við Íslenska aðalverktaka ehf. um húsnæði fyrir heilsugæslustöð við Álfheima 74 (Glæsibæ) Reykjavík.

2 HÚSLÝSING/ HÚSRÝMISÁÆTLUN

Húslýsing og húsrýmisáætlun ásamt grunn- teikningum af húsnæðinu voru fylgigögn leigusamnings sem undirritaður var þann 14. desember 2004.

3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið lét vinna húsnæðislýsingu í samráði við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ríkiskaup auglýsti síðan eftir húsnæði að beiðni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis með heimild fjármálaráðuneytis. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið yfirfór tilboðin og tók ákvörðun um val á húsnæði.



Bygging að verða fokheld.

4 LEIGUSAMNINGUR

Fjármálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sáu um gerð leigusamnings. Leigusamningur var undirritaður 14. des-

ember 2004, um leigu til 25 ára á 948,1 fermetra húsnæði við Álfheima 74 Reykjavík. Afhending húsnæðis skyldi fara fram eigi síðar en 1. ágúst 2005.

5 SAMSKIPTI Á HÖNNUNAR- OG BYGGINGARTÍMA

Þar sem húsnæðið var óbyggt þegar leigutilboði var tekið, tilnefndu leigutaki og leigusali tengiliði til að annast samskipti milli aðila, þar til húsnæðið yrði afhent.

Leigutaki tilnefndi Guðmund Pálsson verkefnastjóra hjá FSR og leigusali tilnefndi Jóhönnu B. Hansen ÍAV. ehf. Sævar Þorbjörnsson ÍAV. ehf kom á fyrstu stigum inn í verkefnið í stað tilnefndu Jóhönnu Hansen.

Hönnun aðalteikninga var lokið þegar FSR kom að verkefninu en gerð verkeikningar var unnin á fyrstu mánuðum verktímans.

Haldnir voru 24 verkstöðufundir á tímabilinu 12. janúar til 19. október 2005. Framkvæmdar voru tvær formlegar úttektir 26. október og 16. nóvember 2005 ásamt afhendingarúttekt 11. janúar 2006



Verklok nálgast.



Fastar innréttingar komnar upp.



Aðgerðastofa.

6 HÖNNUÐIR

Eftirfarandi aðilar önnuðust hönnun húsnæðisins:

Arkitekt: Teiknistofan Óðinstorgi.
Helgi Hjálmarsson
Burðarþol og lagnir: Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen
Rafkerfi. Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar



Aðstaða lækna.

8 BÚNAÐARKAUP

Framkvæmasýslunni var einnig falið að sjá um búnaðarkaup. Til búnaðarkaupa og til vinnu við tilsjón var heimilað 25 mkr. Um 22 mkr nýttust til kaupa á nauðsynlegum búnaði. Rúmar 2 m.kr. nýttust til vinnu við búnaðarkaup og tilsjón með byggingu og um 1 mkr er þá ónýtt að verki loknu. Búnaðarkaup gengu mjög vel og í fullri samvinnu við notendur stöðvarinnar.

9 VERKLOK

Heilsugæslan fékk húsið afhent í lok nóvember 2005 og flutti í húsið um miðjan janúar 2006.

Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Óskar Valdimarsson, forstjóri

7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Framkvæmdir við byggingu hins leigða hluta hússins hófust í byrjun janúar 2005. Verkið gekk þokkalega til að byrja með, en þann 8. febrúar 2005 tilkynnti verktaki að skip sem flutti stálgrindina í húsið hefði farist í hafi og því ljóst að um einhverja seinkun yrði að ræða. Varð því hér um tveggja til þriggja mánaða seinkun að ræða.